

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 44/2000
frá 19. maí 2000

um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,
um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 60/1999 frá 30. apríl 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tölusetningu og orðalag 2. mgr. 4. gr. í bókun 21 við samninginn ber að samræma 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (reglugerð ráðsins nr. 17/62/EB) í 1. mgr. 3. gr. í bókun 21 við samninginn:

„- **399 R 1216:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5).“

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr. bókunar 21 við samninginn:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5.

„2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar:

- 1) einu aðilarnir að þeim eru fyrirtæki frá einu aðildarríki EB eða einu EFTA-ríki og samningarnir, ákvarðanirnar eða aðgerðirnar tengjast hvorki innflutningi né útflutningi milli samningsaðila;
- 2) a) samningarnir eða samstilltu aðgerðirnar eru milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert um sig starfar, í skilningi samningsins, á mismunandi stigum framleiðslunnar eða dreifingarinnar, og varða skilmálana sem aðilarnir gangast undir vegna kaupa, sölu eða endursölu á ákveðnum vörum eða þjónustu;

b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningarnir takmarka eingöngu rétt framsalshafa eða neytanda hugverkaréttar á sviði iðnaðar, einkum einkaleyfa, smáeinkaleyfa, iðnteikninga og vörumerkja, eða einstaklings sem er framsalshafi réttinda eða leyfis samkvæmt samningi, til þess að nota framleiðsluáðferð eða þekkingu sem tengist notkun og beitingu vinnsluáðferða í iðnaði;
- 3) eina markmiðið með þeim er:
 - a) þróun eða samræmd beiting staðla eða gerða; eða
 - b) sameiginlegt rannsókn- og þróunarstarf; eða
 - c) sérhæfing í framleiðslu vara, að meðtöldum nauðsynlegum samningum í því skyni,
 - þegar vörurnar sem sérhæfingin á við um mynda ekki, víðast hvar á svæðinu sem samningurinn tekur til, meira en 15% þeirra viðskipta sem eiga sér stað með sams konar vörur eða vörur sem neytendur telja vera sambærilegar vegna eiginleika þeirra, verðs og notkunar, og
 - þegar heildarársvelta hlutaðeigandi fyrirtækja er ekki meiri en 200 milljón evrur.

Þessa samninga, ákvarðanir og samstilltu aðgerðir má tilkynna til þar til bærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 56. gr., bókun 23 og þær reglur sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar.

3. gr.

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1216/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.